

Skógarleiðangur - veftré

ALMENNAR UPPLÝSINGAR

Markmið: Að nemendur læri um trjátegundir og einnig á forritið Publisher. Þjálfar leikni í vali á aðferðum og eykur hæfni í útfærslu verkefna.

Námsgreinar: Náttúrufræði, íslenska og upplýsingatækni.

Aldur: Miðstig og elsta stig.



VERKLÝSING

"Nemendur fara í skógarleiðangur til að kynna sér þær trjátegundir sem þar eru. Misjafnt eftir svæðum. Á þeim forsendum velja þau sér tré eða trjátegund til að fjalla um. Hægt að vinna þetta verkefni sem einstaklingsverkefni og hópverkefni. Nemendur fá í hendur leiðbeiningar um hvernig unnið er að því að útbúa kynningarbækling í forritinu Publisher. Þar eru einnig fyrir-mæli um til hvers er ætlast af þeim í kynningarbæklingnum.

Nemendur leita sér upplýsinga í bókum um tré, s.s. „Ég greini tré“, „Tré og runnar“ I og II, ásamt vefleiðum og upplýsingum. Mikilvægt er að nemendur tilgreini heimildir ef upplýsingar eru fengnar í bókum eða á vef.

Að vefleiðangri loknum og þegar bæklingurinn er tilbúinn kynnir hver og einn nemandi, eða hópurinn allur, sitt tré og hvað það er sem í ljós hefur komið um það.

Á kynningu nemenda er bæklingnum dreift og aðrir nemendur fræðast um viðkomandi trjátegund, ásamt því að samnemendur meta verkefnavinnuna með jafningjamati.

UNDIRBÚNINGUR, NÁMSEFNI, TÆKI OG TÓL

Útbúa þarf blað með leiðbeiningum um vinnu í Publisher. Taka þarf fram til hvers er ætlast af hverjum hóp eða nemanda.

Tölvur og bækur um trjátegundir.